

starfsafl

Ársskýrsla
2015



Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit starfsins 2015	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingsstyrkir	
2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir	
3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2015	13
4. Vinnufundur stjórnar 2015	16
5. Starfsáætlun Starfsafls 2016	17
6. Fjárhagur Starfsafls	18
6.1 Rekstur 2015 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2016	

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2015

Tekjur sjóðsins af iðgjöldum árið 2015 jukust um 26%, vegna aukinna umsvifa fyrirtækja á starfssvæði sjóðsins og betra atvinnustigs. Sjóðurinn var rekinn með 63,6 m.kr hagnaði sem er 74% aukning frá 2014. Enn jókst fjöldi veittra einstaklingsstyrkja til félagsmanna aðildarfélaganna sjóðsins. Árið var enn og aftur metár í sögu sjóðsins hvað snertir úthlutun styrkja og er það mjög ánægjulegt.

Einstaklingsstyrkir árið 2015 voru 3.060 sem er aukning um 12% frá árinu 2014. Aldrei áður hafa jafnmargir styrkir verið veittir til einstaklinga. Styrkir til einstaklinga hafa þrefaldast síðan árið 2005 sem er mikið ánægjuefni. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fjölgaði um 29% frá árinu 2014 sem er mikið ánægjuefni. Er þá ekki talin með félagsleg fræðsla stéttarfélaganna. Greiddum styrkjum til fyrirtækja fjölgaði um 6% og heildarupphæð fyrirtækjastyrkja jókst um 29%. Betur má ef duga skal og enn er lögð mest áhersla á að auka fyrirtækjastyrki sjóðsins. Samhæft kynningarátak fræðslusjóða er fyrirhugað árið 2016 sem sjóðurinn mun leggja verulegt fé í.

Starfsafl nýtti sér styrki frá Menntaáætlun ESB á árinu 2015 og er það sjóðnum mikil hvatning til að halda áfram að leita nýjunga, læra af öðrum þjóðum og bæta þjónustu sjóðsins. ESB styrkirnir skiluðu um 4 m.kr nettó inn í rekstur sjóðsins vegna vinnu starfsmanna hans. Ekki er gert ráð fyrir þátttöku sjóðsins í ESB verkefnum árið 2016.

Undirritaður hefur sinnt starfi framkvæmdastjóra Starfsafls síðan haustið 2006 og lætur af störfum fyrir sjóðinn árið 2016. Þessi ár hafa verið ár mikilla sveiflna í efnahagslífinu, tímar þenslu og hruns en alltaf spennandi viðfangsefni hverju sinni. Ég vil þakka stjórnarmönnum, Valdísi Steingrímsdóttur, verkefnisstjóra Starfsafls og hinum ýmsu samstarfsaðilum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu á undanförunum árum.

Reykjavík, í maí 2016,

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri



2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er að styrkja fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinnti sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2015. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaga á vinnustaðafundi eða að stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir.

2.1. Einstaklingsstyrkir


Á árinu 2015 voru veittir alls 3.060 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa verið veittir fleiri einstaklingsstyrkir. Það er um 12% aukning á fjölda miðað við 2014 sem aftur var metár hjá sjóðnum. Fé til þessara styrkja jókst hlutfallslega töluvert meira, úr 100,6 m.kr. árið 2014 í 125,2 m.kr árið 2015 eða 24% hækkun (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fjölgaði um 6% en heildarupphæð hækkaði 8%. Upphæð hvers íslenskustyrks hækkaði í samræmi verðlagsbreytingar milli ára eða um 2%.

Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2014 og 2015.

	2014	2015	% breyting frá 2014
Fjöldi styrkja alls	2.729	3.060	+12%
Upphæð styrkja alls	100,6 m.kr	125,2 m.kr	+24%
Meðalupphæð styrks	36.734 kr	40.901 kr	+11%
Fjöldi íslenskustyrkja	765	814	+6%
Upphæð íslenskustyrkja alls	21,5 m.kr	23,4 m.kr	+8%
Meðalupphæð íslenskustyrks	28.257 kr	28.709 kr	+2%

Eins og sjá má í Töflu 1 þá hækkaði meðalupphæð einstaklingsstyrks um 11% milli ára. Hámarksupphæð styrkja hækkaði árið 2015 úr 60.000 kr í 75.000 kr en aldrei þó meira en 75% kostnaðar. Upphæð einstakra styrkja fer einnig eftir greiðslum iðgjalda en fullur styrkur miðast við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Einnig er meira um að félagsmenn fari í lengra nám t.d. framhaldsskólanám og háskólanám. Upphæð uppsafnaðs þriggja ára einstaklingsstyrk var hækkuð á árinu 2015 í 225.000 kr en hefur lítið haft að segja í útgjöldum sjóðsins þar sem slíkir styrkir eru innan við 20 á ári. Þó hefur aukist að félagsmenn nýti uppsafnaðan styrk til að greiða fyrir aukin ökuréttindi.


Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki



Mynd 1. Hlutfallslegur fjöldi einstaklingsstyrkja Starfsafls árin 2014 og 2015 og dreifing á nám.


Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 27% allra styrkja (Mynd 1) sem er svipað og árið 2014 (28%). Enn er stöðug eftirspurn eftir íslenskunámi. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar 21% (Mynd 2), sem er nánast sama hlutfall og árið 2014. Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 6% af heildarfjölda (sami og 2014) og hlutfallslegur kostnaður 13% sem er lægra en 2014 (16%). Fjöldi styrkja og hlutfallslegur kostnaður vegna náms í formlega skólakerfinu er heldur meiri en áður eða 48% (háskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, starfsnám, sérskólar) en var 44% árið 2014 (Mynd 1 og 2). Styrkir til háskólanáms hafa aukist aðeins en eru svipaðir og áður til framhaldsskólanáms. Aðrar tegundir náms eru svipaðar og áður.

Hlutfallslegur kostnaður við einstaklingsstyrki



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árin 2014 og 2015 á nám.


Fjöldi þeirra er fengu styrk eftir aldri árið 2015



Mynd 3. Hlutféllsleg skipting styrkþega 2015 eftir aldri.

Styrkþegar Starfsafls eru að mestu leyti ungt fólk. Um 80% styrkþega eru innan við 40 ára (Mynd 3). Markhópur einstaklingsstyrkja er því ungur og kynningarstarf sjóðsins miðast við þá staðreynd.

Fjöldi þeirra er fengu styrk eftir upprunalandi árið 2015



Mynd 4. Hlutféllsleg skipting fjölda einstaklingsstyrkja 2015 eftir þjóðerni umsækjenda.

Íslendingar voru rúmur helmingur (52%) styrkþega árið 2015, hlutfallslega aðeins fleiri en 2014 (50%). Auk íslendinga voru pólværjar áberandi meðal styrkþega, 21% árið 2015, svipað og árið áður. Þar á eftir koma litháar, víetnamar, taílandingar og filippseyingar, 1 – 4% hver þjóð. Aðrar þjóðir voru fámennari.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir

Alls bárust 142 umsóknir fyrirtækja um styrki á árinu 2015 sem er veruleg aukning frá því árið áður (Tafla 2). Veitt voru 129 styrkloforð til fyrirtækja á árinu 2015 sem er um 11% fjölgun frá 2014. Greiddir voru alls út 107 styrkir til fyrirtækja (6% fleiri en 2014) að upphæð um 21,1 m.kr, 29% aukning frá 2014. Heildarupphæð verkefnastyrkja 2015 var töluvert hærri en árið áður, 44,2 m.kr sem er 60% hærra en 2014. Það skýrist af auknum styrkjum til fyrirtækja, greiðslu til Áttarinnar (kynningarátaks fræðslusjóða) og hærri útgreiðslu ESB styrkja. Aukin spurn eftir fyrirtækjastyrkjum er mjög ánægjuleg og verður lagt allt kapp á að gera enn betur árið 2016.

Meðaltal styrkupphæða til fyrirtækja hækkaði frá 2014, var um 198 þús. kr. árið 2015.


Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2014 og 2015.

	2014	2015	% breyting frá 2014
Umsóknir fyrirtækja til Starfsafls	128	142	+11%
Samþykkt styrkloforð	116	129	+11%
Fjöldi greiddra styrkja alls	101	107	+6%
Greiddir fyrirtækjastyrkir	16,3 m.kr	21,1 m.kr	+29%
Meðalupphæð fyrirtækjastyrks	161.807 kr	197.620 kr	+22%
Íslenskustyrkir til fyrirtækja	1,1 m.kr	0,9 m.kr	
Fræðslustjóráverkefni	0,7 m.kr	2,3 m.kr	
Evrópuverkefni	9,8 m.kr	16,0 m.kr	+63%
Áttin.is – kynning og vefgátt		5,1 m.kr	
Félagsleg fræðsla	1,0 m.kr	2,0 m.kr	
Aðrir styrkir	0,4 m.kr		
Upphæð verkefnastyrkja alls	27,5 m.kr	44,2 m.kr	+60%

Sífelld fleiri félagsmenn njóta fræðslu af einhverju tagi með fyrirtækjastuðningi Starfsafls. Þeir voru alls um 2.925 árið 2015 og þegar við bætast 3.060 einstaklingsstyrkir er ljóst að fræðslustyrkir Starfsafls ná til mikils fjölda þeirra starfsmanna sem greitt er af til sjóðsins, eða alls tæplega 6.000 félagsmenn. Þetta er um þriðjungur þeirra félagsmanna sem greitt er af til sjóðsins. En betur má ef duga skal.

Árið 2015 var sjóðurinn rekinn með talsverðum hagnaði og má það þakka auknu hlutfalli starfsmenntagjalds sem samið var um í kjarasamningum 2013 og meiri atvinnuumsvifum á svæði sjóðsins. Gjaldið hækkaði úr 0,2% í 0,3% í ársbyrjun 2014. Hluti þeirrar hækkunar hefur verið tekinn frá vegna kynningar- og vefgáttarverkefna sem ráðist var í (og verður ráðist í) árin 2015-2016 í samræmi við bókun kjarasamninga. Það er ljóst að svigrúm sjóðsins til þróunarverkefna, t.d. námsefnisgerðar og stóraukinna fyrirtækjastyrkja af ýmsu tagi, hefur aukist. Má þar einnig nefna stóraukinn áhuga fyrirtækja á rafrænni fræðslu.


Hlutfallslegur kostnaður við fyrirtækjastyrki



Mynd 5. Samanburður á hlutfallslegum kostnaði við greidda styrki til fyrirtækja árin 2014 og 2015, flokkað eftir tegund starfsnáms eða verkefnum.

Hlutfallslegur kostnaður verkefna sveiflast, eins og verið hefur, milli verkefna. Fræðslustjóraverkefnið dróst saman í kostnaði, vegna aðkomu annarra sjóða, en fjöldi verkefna var svipaður. Eigin fræðsla fyrirtækja jókst verulega enda hafa sum fyrirtæki formgert sína fræðslu í formi fyrirtækjaskóla. Það er spennandi þróun sem Starfsafl mun styðja áfram. Að öðru leyti eru ekki umtalsverðar sveiflur milli verkefna.

Hlutfallslegur fjöldi styrkja eftir atvinnugreinum



Mynd 6. Samanburður á hlutfallslegum upphæðum styrkja til fyrirtækja árin 2014 og 2015, flokkað eftir atvinnugreinum.

Styrkir til mismunandi atvinnugreina voru nokkuð mismunandi, ræstinga- og öryggisfyrirtæki lögðu mikið fé í eigin fræðslu og voru styrkt af sjóðnum (Mynd 6., önnur þjónusta). Það skýrir að miklu leyti þennan mun milli atvinnugreina milli ára.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna árið 2015 (Tafla 3).

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2015.

Umsækjandi	Verkefni	Samstarf
Airport Associates	Nýliðanámskeið	MSS
AP þrif	Íslenska	Expectus, Mímir og fleiri
Bílabúð Benna	Eigin fræðsla	Eigin leiðbeinendur
BJB púst	Hjólástilling	Iðan fræðslusetur
Byggingarfélag. Gylfa og Gunnars	Körfukrananámskeið	Vinnueftirlitið
Efnamóttakan/Gámaþjónustan	Skyndihjálp	Rauði Krossinn
Farfuglar	Fræðslustjóri að láni	Gerum betur ehf
Garðlist	Kerrupróf	Marteinn Guðmundsson
Gámaþjónustan	Skyndihjálp	Rauði krossinn
Gló veitingar	Merking matvara	Sýni
Hagvagnar	Eldvarnir	Hlynur Höskuldsson
Hamborgarafabrikkan	Fræðslustjóri að láni	RM Ráðgjöf ehf
HB Grandi	Verk-og stjórnendanámskeið	Nýsköpunarmiðstöð Íslands/VSSÍ
Hlaðbær Colas	ADRE námskeið	Vinnueftirlitið
Hótel Óðinsvé	Fræðslustjóri að láni	Gerum betur ehf
Hreint	Íslenska	Auður H. Björnsdóttir
Icelandair Hotels	Framkoma og þjónusta	María Ellingsen
IGS	Vellíðan og samskipti	MSS
Ikea	Skyndihjálp	Rauði krossinn
ISAM/Myllan	Meðferð matvæla	Sýni
ISS Ísland	Íslenska	Jafnréttishús
Íshestar	Fræðslustjóri	Mímir
Íslenska gámafélagið	ADR námskeið	Vinnueftirlitið
Kaffitár	Stjórnendafræðsla	Sonja Grant
Katla	Samskiptanámskeið	Dale Carnegie
Kjöthöllin	Meðferð matvæla	Rannsóknarþjónustan Sýni ehf
Kraftbindingar	Vinnuvélanámskeið	Öku- og vinnuvélasólinn
Lagardére Travel Retail	Þjónustunámskeið	MSS
Lýsi hf.	Öryggi matvæla	Rannsóknarþjónustan Sýni ehf
Miklatorg	Meðferð matvæla	Rannsóknarþjónustan Sýni ehf
N1	Eigin fræðsla	Eigin leiðbeinendur
Nautafélagið ehf	Meirapróf	Ökuskólinn Mjódd
Nesfiskur	Framh.námsk.fiskvinnslu	MSS
Olíuverslun Íslands	Eigin fræðsla	Eigin leiðbeinendur
Pökkun og flutningar	Meirapróf	Ökuskólinn í Mjódd
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Framh.námskeið í fiskvinnslu	Ýmsir fræðsluaðilar
Securitas	Eigin fræðsla	Eigin leiðbeinendur
Skeljungur	Ýmis fræðsla	Ýmsir leiðbeinendur
Steyrustöðin	Þjónustunámskeið	Gerum betur ehf
Urta islandica ehf.	HACCP	Rannsóknarþjónustan Sýni ehf
Vífilfell	Tímastjórnun	Þekkingarmiðlun
Vörubretti	Vinnuvélaréttindi	Vinnueftirlitið
Öryggismiðstöðin	Hafnarvernd	Samgöngustofa

Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafls má nefna eftirfarandi atriði.

- Framkvæmdastjóri hefur skrifað í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna stéttarfélaganna. Þar eru nefnd dæmi um félagsmenn sem hafa notið fyrirgreiðslu (vitnisburðir) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafl. Það hefur oft skilað miklu í fyrirspurnum til Starfsafls.
- Framkvæmdastjóri hefur verið með innlegg á fundum SA um starfsmenntamál. Það hefur oft skilað sér í fyrirspurnum og umsóknum til sjóðsins ásamt mikilvægum tengslum við stjórnendur.
- Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
- Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafls fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir. Þessi aðferð hefur dugað vel og verður haldið áfram á sömu braut.
- Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja með reglulegu millibili. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavini á þjónustu sjóðsins.
- Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins. Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja til hins betra. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
- Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.



Starfsafl lét útbúa nýja kynningarbæklinga á árinu 2015.



Starfsafl heimsótti Hópbíla/Hagvagna og ræddi eigin fræðslu fyrirtækisins sem er öflug. F.v. Pálmar Sigurðsson, skrifstofu- og starfsmannastjóri Hópbíla/Hagvagna, Valdís A. Steingrímsdóttir, verkefnastjóri Starfsafls og Hildur Guðjónsdóttir, fræðslustjóri Hópbíla/Hagvagna.

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2015.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 15 stjórnarfundir á árinu 2015. Í stjórn sátu:

Nafn	Tilnefningaraðili	Annað
Dagmar Viðarsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Til apríl 2015
Guðrún S. Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Hlíf Böðvarsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Frá apríl 2015
Fjóla Jónsdóttir	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Stjórnarformaður
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Jóhann R. Kristjánsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	



*Dagmar Viðarsdóttir
vék úr stjórn
Starfsafls á árinu.*



*Hlíf Böðvarsdóttir,
tók sæti í stjórn
Starfsafls.*

Úr stjórn gekk Dagmar Viðarsdóttir, sem hefur setið í stjórn síðan um mitt ár 2013. Eru henni færðar bestu þakkir fyrir frábært starf. Hlíf Böðvarsdóttir, fræðslustjóri Securitas hf, tók sæti hennar og er hún boðin velkomin til starfa fyrir sjóðinn. Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fá stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Fréttir af þessum heimsóknnum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna.

Kynningarefni

Ný vefsíða sjóðsins var hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2015. Jafnframt var lokið við gerð kynningarmyndbands fyrir sjóðinn og var Kaja Studios fengið til verksins. Myndbandið var tilbúið fyrir nýja vefsíðu sjóðsins í byrjun árs 2015. Jafnframt er myndbandið hugsað til kynningar á sjóðnum á fundum með stjórnendum og öðrum. Ný vefsíða er einföld í notkun sjóðsins og lögð áhersla á að hún sé vel tæk fyrir snjalltæki (spjaldtölvur og snjallsíma).



Skjáskot af kynningarmyndbandi sjóðsins sem var gert 2014.

Samhliða er efni sett á á Facebook-síðu Starfsafls og er henni ætlað að styðja við vefsíðu sjóðsins. Facebook-síðan fær töluvert af heimsókn líkt og vefsíðan.

Sjóðurinn lét einnig útbúa nýja kynningarbæklinga á árinu í samvinnu við auglýsingastofu.

Þróun nýrra námsleiða og úrræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki*Nám fyrir þernur*

Starfsafl ásamt Eflingu stéttarfélagi, Iðunni fræðslusetri, Icelandair Hotels og Centerhotels þróaðu nýtt nám fyrir þernur á árinu. Námið er alls 60 kennslustundir með möguleika á framhaldi ef áhugi er þeim hluta. Fyrsti hlutinn, 30 kennslustundir, var tilraunakenndur haustið 2015 og fékk góða dóma hjá nemendum og stjórnendum. Seinni hlutinn verður tilraunakenndur 2016. Tilfinnanlega hefur vantað nám af þessu tagi og það var mikill styrkur að fá hótelfyrirtækin með frá upphafi. Á námskránni er hópefli, skyndihjálp, líkamsbeiting, samskipti, herbergisþrif og fleira. Námið fer fram á ensku en fyrirhugað er að kenna á fleiri tungumálum ef þörf krefur. Icelandair hotel og Centerhotel héldu síðan námskeiðin fyrir hópinn sem kom frá báðum hótélkeðjunum.



Áhugasamar þernur í upphafi námskeiðs, haustið 2015.

Fræðslustjóri að láni

Starfsafl hefur um árabil verið í samstarfi við Landsmennt í verkefninu Fræðslustjóri að láni og árið 2009 tókst samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SA og VR/LÍV) sem hefur gefið verkefninu enn frekari slagkraft.

Rafiðnaðarsambandið kom inn í hópinn stuttu síðar og IÐAN fræðslusetur gekk til liðs við verkefnið árið 2014 ásamt menntasjóði verkstjóra og SA. Árið 2015 gengu Sjómennt og Starfsmenntasjóður

verslunarinnar (Félag atvinnurekenda og VR/LÍV) til liðs við verkefnið. Árið 2015 var áfram unnið með eða án aðkomu annarra sjóða í að koma verkefninu á í ýmsum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfsþróunar. Ennfremur var áfram unnið í að betrumbæta verkefnið m.a. með samstarfsfundum sjóðanna sem eru á bak við verkefnið.



Frá undirritun samninga um Fræðslustjóra að láni við Bilabúð Benna í ágúst 2015. f.v. Sveinn Aðalsteinsson (Starfsafl), Hildur Elín Vignir (IÐAN), Jón Ómar Erlingsson (Bilabúð Benna) og Ragnar Matthíasson, fræðslustjóri að láni. Á myndina vantar Bjarndísi Lárusdóttur frá Starfsmenntasjóði verslunarinnar.



Frá undirritun samninga um Fræðslustjóra að láni við Allt hreint ehf. í mars 2015. F.v. Sveinn Aðalsteinsson, Halldór G. Guðmundsson, Inga Rut Ingvarsdóttir og Ragnheiður Eyjólfssdóttir.

Þáttaka í Evrópuverkefnum

Yfirfærsluverkefnið NordGreen EQF

Árið 2013 fékk Starfsafl ásamt samstarfsaðilum á öllum Norðurlöndunum styrk frá Leonardo áætlun ESB til verkefnisins *NordGreen EQF*. Verkefnið var samvinna allra Norðurlandanna og miðaðist að því að skrifa námskrá, byggt á námshlutum (módúlum) og námsbók í skráðgarðyrkju. Árið 2015 var unnið að gerð námsbókarinnar, byggðri á nálgun verkefnisins og á að henta jafnt fyrir formlega sem óformlega skólakerfið. Jafnframt var lokið við gerð námskrár sem byggir á evrópska hæfniramma. Vonir standa til að námskráin og ferlið við gerð hennar hafi yfirfærslugildi varðandi annað iðnnám og geti því hentað markhópi Starfsafls vel. Styrkurinn nam 188.000 evrum (um 30 m.kr.) og er hlutur Starfsafls um 28.300 evrur (4,5 m.kr.). Verkefninu lauk haustið 2015 og bókin kemur út í byrjun júní 2016.



Magnús Bjarklind, tæknifræðingur hjá EFLU verkfræðistofu og einn þátttakenda í NordGreen EQF, kynnti verkefnið á ráðstefnu Vistbyggðaráðs og NordGreen í Norræna húsinu í mars 2015.

Evrópuverkefni Starfsafls hafa verið nokkur á undanförunum árum og veitt starfinu og sjóðnum innspýtingu, bæði faglega og fjárhagslega.

4. Vinnufundur stjórnar 2015

Þann 3. – 4. nóvember 2015 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls árlegan vinnu- og stefnumótunarfund.

Umræður voru um fjölmörg mál sem ekki gefst tími til að ræða á stuttum stjórnarfundum. Dæmi:

- Erlent vinnuafl í vaxandi umsvifum íslensks atvinnulífs, til hvaða landa verður vinnuaflið sótt, hvernig miðlum við fræðslu og á hvaða tungumáli? Þarf að efla íslenskukennslu? Getum við lært af öðrum löndum? Huga þarf að verkaskiptingu við ríkið er varðar íslenskukennslu. Starfstengt íslenskunám fyrir útlendinga hefur reynst vel. Ein hugmynd væri að nota nýja tækni við kennslu (rafrænt, vídeó). Ákveðið var að setja í forgang í þessu máli starfstengt nám í íslensku og athuga úrræði með fósttranám (mentoránám).
- Rafræn kennsla og umsóknir munu aukast töluvert í framtíðinni. Rætt um þær leiðir sem sjóðurinn getur farið til að styrkja þessa fræðslu. Styrkja bæri notkun á rafrænu efni frekar en gerð þess.
- Ákveðið var að hækka styrki til eigin fræðslu fyrirtækja en upphæð styrkja hefur ekki hækkað frá því þessir styrkir voru fyrst boðnir árið 2009.
- Gæðamál. Í gegn um Áttina er vaxandi vilji hjá sjóðum og stjórnarmönnum til að samræma gæðamálin. Starfsafl hefur reglur/gátlista frá 2008 sem fræðsluaðilar eru beðnir um að svara til að standast gæðapróf sjóðsins. Ákveðið að vinna frekar að málinu í samvinnu við aðra starfsmenntasjóði.
- Stjórnarmenn töldu að sjóðurinn ætti að einbeita sér að styrkjum til fyrirtækja en leggja minni áherslu á námsefnisgerð eins og verið hefur.
- Samþykkt var að greiða ákveðna upphæð fyrir hverja klst túlkavinnu í tengslum við fræðslu. Jafnframt var ákveðið að hækka framlag til íslenskukennslu sem fyrirtæki sækja um.
- Ennfremur voru rædd réttindi skólafólks í sjóðnum og ákveðið að endurskoða reglur um samfellda aðild félagsmanna að sjóðnum.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2016

Á vinnufundi stjórnar í nóvember 2015 var farið yfir niðurstöður ársins 2015, eftir því sem unnt var, og lagðar línur fyrir starfið 2016 í ljósi umræðna á fundinum og undirbúnings fyrir hann.

Verkefni:

1. *Verkefni:* Kynningaráttak.
Leiðir: Ný vefsíða, kynningarmyndband og samstarf við aðra sjóði um sérstakt kynningaráttak í samræmi við bókun kjarasamninga í tengslum við Áttin.is
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: 2016 - 2017
2. *Verkefni:* Aukin einföldun umsóknarferlis fyrirtækja
Leiðir: Sameiginleg vefgátt, Áttin.is, leit dagsins ljós í lok árs 2015. Lögð verði áhersla á frekari samræmingu styrkúthlutuna til fyrirtækja.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: 2016 - 2017
3. *Verkefni:* Sjóðurinn mun kappkosta að auka þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.
Leiðir: Áfram verður unnið að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Lögð verður áhersla á eftirfylgni starfsmanna sjóðsins við fyrirtæki þannig að símenntunar-áætlanir komist til framkvæmda. Lögð verður sérstök áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki (1-50 starfsmenn). Áhersla lögð á kynningarstarf í tengslum við Áttina.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2016
4. *Verkefni:* Áhersla á að kynna rafrænt farnám fyrir atvinnulífið.
Leiðir: Fylgst verður náið með verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt á þessu sviði og gerð úttekt á þeim í samráði við fyrirtækin.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls.
Tímarammi: 2016 - 2018

6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2015 – nokkrar lykiltölur

Starfsafl var rekið með hagnaði (63,6 m.kr) árið 2015 þar sem tekjur af starfsmenntagjaldi hækkaði töluvert umfram verðbólgu, vegna aukinna umsvifa í atvinnulífinu.

Tekjur sjóðsins (tekjur og fjármagnstekjur) árið 2015 voru 257,9 m.kr. (2014: 189,5 m.kr), útgjöld (styrkir og rekstur) voru 194,2 m.kr (2014: 153,0 m.kr.) og eigið fé jókst því um 63,6 m.kr (2014: aukning um 36,5 m.kr.) Eigið fé sjóðsins í árslok var 288,8 m.kr (2014: 225,2 m.kr.). Raunávöxtun varð á eigin fé sjóðsins (6,3%).

6.2 Rekstraráætlun 2016 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir áframhaldandi þenslu í atvinnulífinu og 23% hærri tekjum af starfsmenntagjaldi einkum vegna launaskriðs og aukinnar atvinnu. Eins og venjulega ríkir nokkur óvissa um spurn eftir styrkjum og eins með ávöxtun sjóðsins. Gert er ráð fyrir svipaðri aukningu í einstaklingsstyrkjum og á síðasta ári (2015) í ljósi niðurstaðna fyrstu 5 mánaða ársins 2016. Gert er ráð fyrir að verja um 2,5 m.kr. í kynningarstarf á árinu 2016 gagnvart fyrirtækjum (Áttin), í samræmi við bókun aðila vinnumarkaðarins. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2015. Ekki er gert ráð fyrir styrkjum frá ESB verkefnum. Vísbendingar eru um minni ávöxtun sjóðsins.

Áætlaðar tekjur ársins 2016:

- Framlög stéttarféлага (óbreytt)	7.000 þús kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,3% (+23%)	257.007 þús kr
- Aðrir styrkir	0 þús kr
- Vaxtatekjur (-50%)	<u>11.363 þús kr</u>

Tekjur ársins samtals, áætlun (+4%): 275.370 þús kr

Áætluð útgjöld 2016:

- Laun, húsaleiga og annar rekstur (-1%)	24.474 þús kr
- Kynningarátak gagnvart fyrirtækjum (Áttin)	2.527 þús kr
- Einstaklingsstyrkir (+24%)	155.784 þús kr
- Félagsleg fræðsla	2.000 þús kr
- ESB verkefni	0 þús kr
- Fyrirtækjastyrkir (+24%)	<u>26.220 þús kr</u>

Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (+9%): 211.005 þús kr

Tekjur umfram gjöld: 64.367 þús kr

Áætlaðar eignir í lok árs 2016: 353.189 þús kr

Kostnaður við styrkkrónu 2006: 0,59 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2007: 0,42 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2008: 0,34 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2009: 0,23 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2010: 0,24 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2011: 0,27 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2012: 0,21 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2013: 0,18 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2014: 0,20 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2015: 0,18 kr